

Skólabyrjun í brennidepli

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs vegna þróunarverkefnis



ágúst 2015

Hörðuvallaskóli

Nafn verkefnis: Skólabyrjun í brennidepli

Nafn verkefnastjóra: Þórunn Jónasdóttir

Samningur: UMS-75

Verkefnið unnið almanaksárið 2014-2015

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn:

- Breyting á ytra skipulagi skóladags hjá 1.árgangi til að auka sveigjanleika að morgni skóladags og mynda meiri samfellu yfir allan skóladaginn.
- Breyting á innra skipulagi skóladags hjá 1.árgangi til að mynda meiri samfellu í námi og starfi. Aukin áhersla á verkgreinar og samþættingu leiks og náms.
- Auka samstarf og samfellu milli skólastiganna leikskóli- grunnskóli.
- Auka tengsl heimilis og skóla.

Leiðir að markmiði:

Breytingar á ytra skipulagi fólust í breytingum á tímaramma og við skipulagningu húsnæðis. Kennsla nemenda hófst kl 8:45 að morgni, boðið var upp á dægradvöl fyrir kennslu frá kl: 7:45. Frímínútur voru 30 mínútur og matartími einnig. Tenging var við dægradvöl sem tók aftur við eftir kennslu sem lauk upp úr 14:00.

Samfella í námi og starfi var mynduð með því að byggja upp sveigjanlegt skipulag þar sem nemendur fóru milli námssvæða í hópum. Námslotur um 30 mínútna langar og til skiptis verklegar og bóklegar, mikil áhersla var á hlutbundna vinnu og vægi list- og verkgreina aukið. Töluvert var keypt inn af leikföngum og sett upp leiksvæði fyrir nemendur.

Samstarf við hverfisleikskólana var aukið með það í huga að efla samvinnu og auka samfellu milli skólastiganna. Námskeið var haldið með leikskólum í hverfinu þar sem kennurum beggja skólastiga gafst kostur á að vinna saman og byggja upp sameiginlega þekkingu á námsefni sem hentaði vel báðum skólastigum. Þá voru haldnir sameiginlegir fundir þar sem skipulagt var samstarfið á komandi vetri. Ákveðið var:

- hafa tímamann fyrir samstarfið inni á skipulagi allra að hittast þrisvar sinnum á haustönn
 - fyrsta skiptið í útikennslustofu í frjálsum leik
 - seinni tvö skiptin í skólunum seinnihluta nóvember, og reynt að leyfa grunnskólanemum að fara í heimsókn á sinn gamla leikskóla. Þessi heimsókn væri fyrst og fremst frjáls leikur úti og inni.
- hittast fjórum sinnum á vorönn í skólunum
 - í janúar
 - í febrúar
 - í mars
 - í apríl
- vera vakandi fyrir því að nýta uppákomur og sýningar sem við gætum boðið hvert öðru á, t.d. tónlistaratriði sem 1.árgangur æfir alltaf og sýnir að vori, ef eru atriði á sal eða sýningar sem leikskólabörn undirbúa t.d. fyrir útskrift.
- funda 20. nóvember, á starfsdegi, fyrir hádegi Á þessum fundi yrði samstarfið skipulagt og að hvaða verkefnum yrði unnið á vorönn. Eins yrði þá skoðað með fundartíma á vorönn, einn inni á önninni og einn í lok vetrar.

Í maí/júní er vorskóli tvo eftirmiðdaga sem er á höndum grunnskólans og foreldra, þeir dagar verða settir inn á skóladagatal.

Annað samstarf er síðan amk:

- Heimsóknir allra elstu deilda leikskólanna í grunnskólann þar sem aðstoðarskólastjóri tekur á móti hópunum og sýnir börnunum skólann og segir frá því helsta sem gert er í skólunum

(Þessar heimsóknir gætu verið heppilegar í janúar, fyrir fyrsta samstarfsdag vorannar, t.d. á tímabilinu 11.-22. janúar)

- Eineltisdagurinn og vinna í tengslum við hann
- Upplestur í leikskólunum þar sem 7.bekkingar undirbúa upplestrarkeppni með því að lesa fyrir leikskólabörnin á komandi vetri eru fjórir 7.bekkir og myndi hver bekkur vera í samstarfi við einn leikskóla
- Jólaball í sal skólans þar sem nemendur í 6.bekk aðstoða
- Heimsókn í dægradvöl skólans og heimsókn forstöðumanns dægradvalar í leikskólana

Eina viku á vormánuðum var foreldrum boðið í skólann til að fylgjast með og taka þátt í hefðbundnum skóladegi; kennslu, nesti, frímínútum og hádegismat. Foreldrar tóku síðan þátt í könnun þar sem þeim gafst kostur á að tjá sig um þróunarverkefnið, bæði innra og ytra skipulag og kallað var eftir þeirra sýn á verkefninu.

Frávik frá áætlun:

Tímarammanum sem settur var upp í byrjun skólaárs var breytt um áramót. Þá voru settar inn aðrar frímínútur, 20 mín, þar sem ekki þótti lukkast vel að hafa nemendur inni fram til klukkan 11:00. Á sama tíma voru 30 mínútna frímínúturnar færðar fram til kl 13:00 til að brjóta upp þegar líða tók á daginn. Næðisstundin sem átti að vera að mat loknum var tekin af eftir rúman mánuð þar sem sá tími stóð ekki undir væntingum. Nemendur voru órólegir og ærslafullir og það tók kennarana alltaf nokkurn tíma að róa hópinn niður í upphafi kennslu eftir hádegið. Því þótti heppilegra að hver kennari myndi taka næðisstund með sínum hópi þegar best hentaði.

Helstu hindrarnir sem komu upp við vinnu verkefnisins:

Nýtt húsnæði sem ætlað var 1.árgangi var ekki tilbúið á tilsettum tíma, var raunar ekki afhent fyrir en kvöldið áður en skólasetningin var. Þegar til kom reyndist það svo rúm mun verr en áætlað var og ýmsir hnökrar komu strax í ljós. Það tók mestalla haustönnina að fá inn allan búnað sem átti að skila sér, töflur, skjávarpar, lausir veggir og fleira var að týnast inn. Þetta reyndist kennurum erfitt og jók á álagið hjá þeim.

Ávinningur:

Allir þátttakendur í verkefninu lærðu mikið af þessari vinnu. Sumt gekk ekki eins og til stóð en með þétri teymisvinnu, skoðanaskiptum og opnum huga teljum við að verkefnið hafi styrkt stöðir heildstæðrar skólastefnu í hverfinu. Mikil ávinningur var að aukinni samvinnu við leikskólana í hverfinu og það var ef til vill sá ávinningur sem fór fram úr væntingum. Samstarfið á liðnum vetri fólst m.a. í því að heimsóknir og vinnuhópar voru skipulagðir þannig að tveir bekkir í grunnskólanum áttu í samstarfi við einn leikskóla (2 deildir) og meðan önnur leikskóladeildin kom í grunnskólann þá fór annar bekkurinn í leikskólann og var þar við leik og störf. Í vor var síðan skipulagt samstarf milli skólastiganna fyrir komandi vetur og mikill hugur er í kennurum beggja skólastiga að efla samstarfið, þannig stendur m.a. til að hafa starfsdag þar sem kennarar hittast, skiptast á skoðunum og vinna sameiginlega að undirbúningi heimsókna milli skólanna.


Mat á verkefninu:

Verkefnið gekk að mörgu leiti vel og skilaði skólanum og skólasamfélaginu í heild mörgum skrefum í átt að aukinni og bættri samvinnu milli leik- og grunnskóla. Þar sem skólastigin vinna saman á jafnari forsendum beggja skólastiga. Verkefnið verður unnið áfram og þá með áherslu á innra starf og aukinn þátt náms í gegnum leik. Breytingar reyna á og geta kostað ágreining en ávinningurinn finnst okkur skila sér í bættem starfsháttum.

Við lítum svo á að þróunarstarfið síðastliðinn vetur sé aðeins fyrsta skrefið í átt til aukinnar samfellu milli skólastiganna. Verkefnið heldur áfram innan skólans og verður þróað áfram þar. Þá er áhugi á að vinna markvisst að aukinni samvinnu milli kennara beggja skólastiga og þróa þá vinnu áfram.

Niðurstöður verkefnisins:


Við rákumst á ýmsar hindranir við framkvæmd þessa verkefnis, margt sem við töldum til bóta þegar setið var við skipulagninguna reyndist ekki eins frásælt þegar til kastanna kom. Það sem hinsvegar stendur upp úr er hve opin samskipti og sveigjanleiki í starfsháttum skilaði okkur áfram í starfinu. Við gengum til verksins með opnum huga og vorum alltaf tilbúin að endurskoða og betrumbæta það sem ekki reyndist vel. Margt var hægt að bæta strax og enn fleiru var hægt að koma inn í skipulagið fyrir komandi vetur. Við búum því vel að þessari reynslu og lítum einungis á hana sem fyrsta skrefið í átt að enn heildstæðara skólastarfi. Mörg markmið sem stefnt var að náðust en önnur náðust ekki. Skipulag í ytri ramma skólastarfsins náðist, var þróað þar til allir voru sáttir. Markmið varðandi samstarf leik- og grunnskóla náðist. Hugmyndir og markmið sem sett voru fram varðandi innra skipulag skólastarfsins náðust ekki öll. Foreldrar voru nokkuð ánægðir með breytingar á skipulaginu. Þegar spurt var hvað fólki fyndist um það fyrirkomulag að seinka skólabyrjun til 8:45 mátti sjá að almenn ánægja ríkti með það fyrirkomulag. Aðeins um 7% voru óánægð með hana en um 74% voru ánægð. Sjá mynd 1.



Mynd 1. Viðhorf til seinkunar skólabyrjunar


Það virtist ekki marktækur munur á ánægju með seinkun skólabyrjunar eftir því hvort að fólkaætti eldri börn í skólanum eða ekki. Þeir sem nýta dægradvölinu voru lang líklegastir til að vilja að kennsla hefjist 8:10. Rúm 43% þeirra vilja að hann hefjist þá en aðeins tæp 15% þeirra sem nýta hana ekki eru sama sinnis.

Þegar spurt var: „Ef þú hefðir val um hvenær kennsla hæfist á næsta skólaári hjá verðandi 2.árgangi, hvaða tíma myndir þú velja?“ Kom í ljós að þrátt fyrir ánægju með þróunarverkefnið þá vildi þriðjungur foreldra halda 8:10 sem byrjunartíma en 63,7% þátttakenda vildi helst seinka byrjuninni eitthvað. Sjá mynd 2.




Mynd 2. Skólabyrjun haustið 2015 í 2.bekk

Almenn ánægja virtist vera með starf fyrsta árgangsins því 97,5% þátttakenda voru annað hvort frekar eða mjög ánægðir með það. 2,5% voru frekar óánægð. Sjá mynd 3.



Mynd 3. Ánægja með starf 1. árgangs



Upplýsingaflæðið frá skólanum var almennt talið gott því 96,3% þátttakenda töldu það gott eða mjög gott. 3,7% töldu það ekki nægjanlegt, sjá mynd 4. Almennt telja foreldrar sig hafa góðan aðgang að umsjónakennara.

Eins og áður segir þá fór samstarf við leikskóla hverfisins fram úr vonum, almenn ánægja er með þau skref sem stigin hafa verið í því starfi og vonir standa til að samstarf skólastiganna verði enn eftt á komandi vetri.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum:

Í vor var haldinn fundur með foreldrum nemenda í 1.árgangi þar sem farið var yfir starf vetrarins og niðurstöður foreldrakönnunarinnar voru kynntar. Þá gafst foreldrum kostur á að koma með ábendingar. Til stendur að kynna niðurstöður fyrir starfsmönnum skólans á fundi í byrjun september. Þá verða niðurstöður könnunarinnar og skýrsla um þróunarverkefnið settar á heimasíðu skólans.

**Fh Hörðuvallaskóla
Þórunn Jónasdóttir
aðstoðarskólastjóri**